

## Heimastjórn Fljótshéraðs - 36 (8.6.2023) - Deiliskipulag, Akstursípróttasvæði undir Skagafelli á Eyvindarárdal

**Málsnúmer** : 202108147  
**Málsaðili** : Akstursípróttafélagið Start  
**Niðurstaða (stutt)** :  
**Fundardagur** : 08.06.2023

**Inngangur** : Auglýsingu deiliskipulags akstursípróttasvæðis undir Skagafelli lauk þann 2. mars sl. Engar athugasemdir bárust en Skipulagsstofnun tók skipulagið til athugunar í samræmi við 1.mgr. 42.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Fyrir fundinum liggur jafnframt minnisblað frá skipulagsráðgjafa með tillögu að viðbrögðum við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 5.6. 2023:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi skipulagstillaga verði lagfærð til samræmis við minnisblað ráðgjafa. Jafnframt samþykkir ráðið að leggja til við sveitarstjórn að hún sækir um til Innviðaráðuneytisins að fá veitta undanþágu frá grein 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð, lið d vegna fjarlægðar milli bygginga og vega, fyrir lóð aðstöðuhúss í deiliskipulagi fyrir Akstursípróttasvæði í Skagafelli. Miðað er við að gögn verði uppfærð og fjarlægð aðstöðuhúss að vegi verði ekki minni en 30 metrar.

Fram kemur í minnisblaði ráðgjafa að erfitt sé að koma húsinu fyrir í meiri fjarlægð frá vegi en sem nemur 30 metrum og það kosti mun meira rask á umhverfi og landi að gera það og tekur ráðið undir þau sjónarmið.

Umhverfis- og framkvæmdaráð vísar skipulaginu til staðfestingar hjá heimastjórn Fljótshéraðs.

**Niðurstaða** : Auglýsingu deiliskipulags akstursípróttasvæðis undir Skagafelli lauk þann 2. mars sl. Engar athugasemdir bárust en Skipulagsstofnun tók skipulagið til athugunar í samræmi við 1.mgr. 42.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Fyrir fundinum liggur jafnframt minnisblað frá skipulagsráðgjafa með tillögu að viðbrögðum við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 5.6. 2023:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi skipulagstillaga verði lagfærð til samræmis við minnisblað ráðgjafa. Jafnframt samþykkir ráðið að leggja til við sveitarstjórn að hún sækir um til Innviðaráðuneytisins að fá veitta undanþágu frá grein 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð, lið d vegna fjarlægðar milli bygginga og vega, fyrir lóð aðstöðuhúss í deiliskipulagi fyrir Akstursípróttasvæði í Skagafelli. Miðað er við að gögn verði uppfærð og fjarlægð aðstöðuhúss að vegi verði ekki minni en 30 metrar.

Fram kemur í minnisblaði ráðgjafa að erfitt sé að koma húsinu fyrir í meiri fjarlægð frá vegi en sem nemur 30 metrum og það kosti mun meira rask á umhverfi og landi að gera það og tekur ráðið undir þau sjónarmið.

Umhverfis- og framkvæmdaráð vísar skipulaginu til staðfestingar hjá heimastjórn Fljótshéraðs.

Heimastjórn Fljótshéraðs frestar málinu þar til fyrir liggur hvort veitt verði undanþága frá 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð.